

Eystrahorn



24. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 28. júní 2018

Menningarmiðstöð Hornafjarðar



Innan Menningarmiðstöðvarinnar eru sex safneiningar, byggða-, sjóminja-, náttúrugripa-, lista-, bóka og héraðsskjalasafn ásamt rannsóknarsviði sem starfar þvert á einingarnar og innan þessara eininga kennir ýmissa grasa.

Listasafnið heldur 7 sýningar á ári að meðaltali. Í aðalsal Svavarssafns er nú sýningin Spegln og er hún samtal Áslaugar Írisar Katrínar Jónsdóttur og Svavars Guðnasonar listamanna sem bæði hafa unnið að abstrakt list, hvort á sinni öldinni. Á Humarhátíðinni opnar svo sýning á verkum Braga Ársælsssonar sem ber heitið Með tónlistina í farteskinu í fremri sal listasafnsins.

Á Humarhátíð opnar héraðsskjalasafnið einnig

sýningu sem ber heitið Bergmál hins liða en sú sýning fjallar um Jónínu Guðbjörgu Jónsdóttur Brunnan og hennar skrif. Jónína hefði orðið 100 ára í ár og því tilefni til að kynna þessa merku konu betur. Jónína var móðir Braga og því gaman að geta sýnt frá verkum þeirra saman í ár.

Tvær sýningar eru að staðaldri hjá byggðasafninu þá annarsvegar Skreiðarskemman og hins vegar Verbúðin.

Á rannsóknarsviði eru skráðar fornminjar. Mikil vinna fer í að þessa rannsóknarvinnu og er það rannsóknarvinnan á bak við verkin sem skilar sér í mun betri gagnagrunn fornminja sveitarfélagsins. Bókasafnið er mjög öflugt og er þar að finna allt

sem hugurinn gírnist. Á Humarhátíð mun standa uppi sýning er ber nafnið *Betta vilja börnin sjá* og er hún sýning á listaverkum er prýða barnabækur sem gefnar voru út árið 2017.

Barnastarfið í ár fer um víðan völl, ferðirnar eru farnar á þriðjudögum kl. 13:00. Það má með sannri segja að börnin njóta útiverunnar gríðarlega.


Vonandi sjáum við ykkur sem flest á sýningum safnanna í sumar og áfram um ókomin ár.

*Eyrlin Helga Ævarsdóttir
Forstöðumadur Menningarmiðstöðvar
Hornafjarðar.*

Ný bókunarsíða Ríkis Vatnajökuls

Í ríki Vatnajökuls hefur byggst upp öflug ferðabjónusta með úrvali afþreyinga, gistinga og veitingastaða og nú er ferðabjónusta önnur af stærstu atvinnugreinunum í Sveitarfélaginu Hornafirði. Matvæla-, menningar- og ferðabjónustuklasinn Ríki Vatnajökuls ehf. er nú kominn á sitt ellefta starfsár og eru hluthafar í kringum áttatíu og má segja að flestir þeirra starfi við afþreyingu, gistingu, veitingabjónustu og í tengdum greinum.

Á árinu 2017 var ákveðið að ráðast í gerð nýrrar heimasíðu fyrir Ríki Vatnajökuls sem væri með bókunarbjónustu og fékkst til þess styrkur frá Vinnum Vatnajökuls. Nýr starfsmaður var ráðinn til eins árs til að halda utanum gerð nýju heimasíðunnar. Til starfsins var ráðin Nejra Mesetovic sem útskrifaðist vorið 2017 sem ferðamálafræðingur frá HÍ og mun ráðningu hennar ljúka í ágúst nk. Um miðjan febrúar síðastliðinn opnaði Ríki Vatnajökuls svo nýja heimasíðu þar sem hægt er að bóka bæði afþreyingu og gistingu. Á bókunarsíðunni er hægt að finna ýmsa afþreyingu allt frá jöklagöngum, snjósleðaferðum, íshellaferðum, ísklifri, jeppaferðum bæði á jökul og Lónsöræfi, staðarleiðsögn á Höfn, siglingum og kayakferðum á jökullónum svo eitthvað sé nefnt. Einnig er hægt að bóka ýmisskonar gistingu sem er í boði á svæðinu, en gistingin er enn sem komið er tengd gegnum booking.com. Þá er hægt að



finna flesta veitingastaðina okkar og upplýsingar um þá, svo sem opnunartíma og staðsetningu. Mikil hefur verið lagt upp úr því að hagnýtar upplýsingar fyrir ferðamenn séu að finna á nýju heimasíðunni sem enn sem komið er eingöngu á ensku. Unnið er að því að setja sem mestar upplýsingar einnig á íslensku og vonir standa til að íslenski hluti síðunnar verði kominn í notkun í haust. Undir Practical Info geta þeir sem vinna við ferðabjónustu á svæðinu fundið ýmsar gagnlegar upplýsingar og er það von okkar að sem flestir noti

nýju síðuna þegar þeir þurfa að leita upplýsinga eða bóka afþreyingu og gistingu fyrir þá ferðamenn sem sækja okkur heim. Slóðin á heimasíðuna er: www.visitvatnajokull.is

*Olga Ingólfsdóttir,
Ríki Vatnajökuls*



Bogga ljósmóðir



Kristín, Róbert Marwin, Vilborg, Ottó Marwin og Gunnar Ingi

Þessi fríði hópur hittist á dögnum. Tilefnið var að smella af mynd og rifja upp minningar yfir kaffibolla með Vilborgu Einarsdóttur ljósmóður, eða Boggu ljósu eins og við köllum hana.

Bogga tók nefninlega á móti Gunnari Inga, Kristínu og Ottó Marwin og minnir hana að við höfum verið eina fjölskyldan sem hún hefur tekið á móti, var svo viðstödd fæðingu Róberts Marwins en dóttir hennar, Laufey Helgadóttir ljósmóðir tók á móti honum.

Yfir kaffibollanum datt okkur því í hug, að reyna að safna fleiri upplýsingum um Boggu ljósu og 'börnin' hennar.

Ef Bogga tók á móti þér eða þínum máttu senda línu á Laufeyju á Smyrlabjörgum á netfangið laufey@smyrlabjorg.is

Þakkir fyrir stuðninginn



Þann 5. maí s.l. keppti ég úti í Englandi á Bodypower móti. Við vorum ekki nema þrjár sem skráðum okkur í keppni og keppt var í 5 greinum. Greinarnar voru "Log" 52 kg, "Yoke" 160 kg, Hlaup 40 m með "Yoke" á herðum, "Silver deadlift" 160 kg og "Conan's wheel" 120 kg. Ég vann allar greinarnar nema "logginn" og er þetta er í fjórða skiptið sem ég fer þarna út og tek þátt í þessu móti og í þetta skipti vann ég. Eins og ég segi alltaf, aldrei gefast upp, ég var vel stemmd fyrir þetta mótt og allt gekk upp.

Ég vil þakka Hornfirðingum fyrir allan þann stuðning sem ég hef fengið frá ykkur og kann ég virkilega að meta þá sem hafa styrkt mig í þessu ævintýri.

Að lyfta svona þungu er ekkert mál með góðum æfingum og góðu mataræði, það er allt hægt og aldrei gefast upp.

Lilja B. Jónsdóttir



Söngvakeppni

Á HUMARHÁTÍÐ 30. JÚNÍ

ALLIR 5-15 ÁRA GETA SKRÁÐ SIG. KEPPNINI VERÐUR SKIPT UPP: 5 TIL 10 ÁRA KEPPA Í SAMA FLOKKI OG 11 TIL 15 ÁRA Í SAMA FLOKKI.

skráning sendist á netfangið:
humarsongvakeppni@gmail.com

NÁMSKEIÐ FYRIR KEPPNINA VERÐUR Í BOÐI. SJÁ NÁNAR Á FACEBOOK.

Viking Cafe - Starfskraftur óskast

Fjölhæfur starfskraftur óskast í 50% starf, starfið felur í sér vinnu á kaffihúsi og þrif á gestaherbergjum.

Enskukunnátta nauðsynleg og ekki skemmir brosmildi og þjónustugleði.

Upplýsinga gefa Ómar í s: 892-0944 og Gerður í s: 867-4736



Þakkir

Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginkonu minnar, móður okkar og tengdamóður

Láru Maríu Theódórsdóttur

Fyrir hönd annarra ættingja og vina Ólafur Halldórsson, Halldór Ólafsson Agnar Ólafsson og Sóley Þrastardóttir





Eystrahorn

Fískhól 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

HLS ehf.
Rnr. 0537-14-409068
Kt. 500210-2490

HUMARHÁTÍÐ

28. júní – 1. júlí

2018



#humarhátíð2018

Fimmtudagur 28. júní

- 09:00-19:00** Gamlabúð opin
Skreiðarskemman opin
Verbúðin í Mikligarði opin
- 09:00-15:00** Svavarssafn opið í Ráðhúsi
- 10:00-16:00** Myndlistasýning "Petta vilja börnin sjá" í Nýheimum
í boði Menningarmiðstöðvar

18:00-21:30 Hleinin opnar á Hótel túninu

19:00-20:30 Brekkusöngur á Hótel túninu
í boði Hótel Hafnar

20:30-22:00 Popp-Quiz í Heimatjaldinu
í boði Ungmennaráðs

22:00-00:00 Pub-Quiz á Cafe Tee í
Golfskálanum

- Opin vinnustofa hjá Hlyni Pálmasynti í Miklagarði yfir helgina



Föstudagur 29. júní

09:00-19:00 Gamlabúð opin
Skreiðarskemman opin
Verbúðin í Mikligarði opin

09:00-15:00 Svavarssafn í Ráðhúsi opið

10:00-16:00 Myndlistasýning "Petta vilja börnin sjá" í Nýheimum
í boði Menningarmiðstöðvar

13:00-15:00 Pylsuveisla við Húsasmiðjuna
í boði Húsasmiðjunnar

13:00-16:00 Ævi Jónínu Brunnan í Nýheimum
í boði Menningarmiðstöðvar

17:00-19:00 Opnun á sýningu á verkum Braga Ársælssonar í Svavarssafni

18:00-20:00 Humarsúpa um allan bæ, sjá kort
í boði Skinneyjar-Pingness og Nettó

18:00-20:00 Opin æfing hjá Parket og aðrar uppákomur á Vogabrautinni

20:00-20:30 Skrúðganga. Gengið saman frá Olís að hátíðarsvæði við undirspil Lúðrasveitar Hornafjarðar

20:00 Matarvagnar og sölubásar opnaðir

20:30 Hoppukastalar við íþróttahús
í boði Skinneyjar-Pingness

20:30 **Hátíðarsetning á útisviði**
Þórdís Imsland
Prins Póló
Valdimar

23:00-01:00 Babies flokkurinn í Heimatjaldinu

23:00-01:00 Dansleikur að hætti Karlakórsins Jökuls í Sindrabæ.

00:00-03:00 Villi trúbador spilar á Hafinu



Martölvan



KAFFI HORNID
RESTAURANT CAFE BAR



nettó

Laugardagurinn 30. júní

- 08:00** Humarhátíðarmót í golfi á Silfurnesvelli
- 09:00-19:00** Gamlabúð opin
Skreiðarskemman opin
Verbúðin í Mikligarði opin
- 10:00** Söguganga frá Gömlubúð með Huldu Laxdal
í boði Menningarmiðstöðvar
- 10:00-14:00** Frítt í Sundlaug Hafna
- 11:00-13:00** Listasmiðja fyrir börn í Svavarsafni
í boði Menningarmiðstöðvar
- 11:00** Heimsmeistaramót í Hornafjarðarmanna í íþróttahúsinu
- 13:00-17:00** Svavarsafn í ráðhúsi opið
- 13:00** Kassabílarallý
í boði Landsbankans
- 13:00** Matavagnar og sölubásar opnaðir
- 13:00** Hoppukastalar við íþróttasvæði
í boði Skinneyjar-Þinganes
- 13:00-17:00** Skottisala/flóamarkaður á bakvið löggustöð
- 13:00-17:00** Garðleikir Ungmennaráðs á hátíðarsv.
- 13:30-14:30** Andlitsmálun fyrir börn í Heimatjaldinu
- 14:00** Húsasmiðjumótið í Streetball
- 14:30** Söngvakeppni barnanna á útisviði
í boði Pakkhússins og Skinneyjar-Þinganes

- 15:00** Fótbolti á Sindravöllum 3. fl. KK
- 15:30-16:30** Ís á Olís fyrir börnin
í boði Olís
- 15:30** Línudans á útisviði
- 15:40** Karlakórinn Jökull með gömludansastemningu á útisviði
- 16:00-16:30** Barnadiskó í Heimatjaldinu fyrir yngstu kynslóðina
- 17:00** Leikhópurinn Lotta í Heimatjaldinu
í boði N1
- 17:00-19:00** Burnout í Vélsmiðjuportinu
- 18:00-20:00** Pallapartý á Höfn, sjá kort
- 20:00** Matarvagnar og sölubásar opnaðir
- 20:30** Hoppukastalar við íþróttahús
í boði Skinneyjar-Þinganes
- 20:30** **Hátíðardagskrá á útisviði**
Kvennakór Hornafjarðar
Verðlaunaafhending
- Söngvakeppni barnanna
- Best skreytta hverfið
- Best skreytta húsið
Kla Kar
Sædís og Salóme
Stjörnutríóið
Undur með Glófaxalöggin
- 21:00-23:00** Ungmennaball í íþróttahúsinu
Babies flokkurinn tryllir lýðinn
- 22:30-00:00** Parket flíppar á Pakkhúsinu
- 00:00-04:00** Dansleikur í íþróttahúsinu
Stjórnin í 30 ár



HM Í HM

verður í **íþróttahúsinu**
laugardaginn 30. júní kl. 11:00

Þáttökugjald 1000 kr.
Grunn- og framhaldsskólanemar fá frítt
Knattspyrnudeild Sindra



Sunnudagur 1. júlí

- 09:00-19:00** Skreiðarskemman opin
Verbúðin í Mikligarði opin
- 10:00-14:00** Frítt í Sundlaug Hafnar
- 11:00** Bryggjujóga
í boði Huldu Laxdal
- 13:00-17:00** Svavarssafn í Ráðhúsi opið
- 17:00** Fótbolti á Sindravöllum 4. fl. KK



Húsasmiðjumótið í Streetball á Húmarhátíð

Laugardaginn 30. júní
kl. 14:00 verður keppt í 3 á 3 götubolta á útivellinum
við Heppuskóla!

4 í liði - 10 mín leikir - Sóknin dæmir
500 kr. þátttökugjald á leikmann
Vegleg verðlaun!

Skráning fer fram á
margretkri@icelandair.is



Kassabílarall Landsbankans



ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM GÓÐAN STUÐNING VEGNA HUMARHÁTÍÐAR 2018


Glacier Adventure	Sauðanesi	Árnanes ehf	Subway Iceland inc / Stjarnan ehf.
Apótek gistiheimili	Glacier Trips	Rafhörn	Málningarþjónusta Hornafjarðar
Baldvin rakari	Díma ehf	Ögmund ehf	G. Karlsson ehf.
Dilksnes	Gröfuþjónusta Olgeirs	Smábátafélagið Hrollaugur	
Ferðaþjónustan	Héðinn tannlæknir		



Humarsúpur & pallapartý



● Hátíðarsvæði



Humarsúpa

Föstudagur

- ① Hagatún 14
- ② Hafnarbraut 41
- ③ Sandbakki 19
- ④ Vogabraut öll gata
- ⑤ Hæðagarður 11
- Nesjum

Pallapartý

Laugardagur

- ⑥ Ránarslóð 12
- ⑦ Golfskálinn Café Tee
- ⑧ Hagatún 2

Sérstakar þakkir til allra sem lögðu til heimili sín og garða fyrir humarsúpu og pallapartý



Gleðilega Humarhátíð



Um nýtingu frístundastyrks/tómstundastyrks

Sveitarfélagið Hornafjörður veitir foreldrum barna 6-18 ára sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, tómstundastyrk að upphæð kr. 50.000- á árinu 2018. Tómstundastyrkur er veittur vegna þátttöku barna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi, þar með talið nám í Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu. Með frístundastyrknum má greiða að fullu, eða hluta fyrir íþrótt-, lista- og/eða aðra tómstundastarfsemi sem samþykkt hefur verið inn í Nora tómstundastyrkjakerfi sveitarfélagsins. Öll íþrótt- og tómstundatilboð þurfa að uppfylla reglur um tómstundastyrk til þess að fá skráningu þar. Allar deildir Umf. Sindra eru með sitt íþróttaframboð skráð í kerfið og hafa foreldrar barna sem stunda íþróttæfingar notað kerfið til að nýta tómstundastyrkinn þegar þeir greiða æfingagjöld til félagsins. Nú færast skólagjöld við Tónskólann einnig inn í Nora tómstundakerfið svo foreldrar nemenda við skólann þurfa að skrá sig þar inn og velja að nýta tómstundastyrkinn til niðurgreiðslu á skólagjöldunum.

Athugið

Ekki er lengur hægt að greiða í banka

Dæmi:

Deild/Flokkur:	Fimleikadeild Sindra	6.-9. bekkur kl:
Námskeið:	Vornámskeið	
Tímabil:	16.1.2018 - 21.5.2018	
Lippaheild:	49.625,-	
Frístundastyrkur Hornafjarðar:	49.625,- Skrá	<input checked="" type="checkbox"/> Nota frístundastyrk Hornafjarðar
Santali:	0,-	
Einstuvar sérþafr sem umráðarmenn námskeiðsins þurfa að vita ef, efnaði, greining, stökugmi o.p.h.?		
Greiðslufyrirkomulag		
Greiðslumát:	Engin greiðsla	
<input checked="" type="checkbox"/> Samþykki skilmála Sjá skilmála		
Skráningin/ta		

og framvísa greiðslukvittun í afgreiðslu ráðhússins. Ef foreldrar gleyma að haka við nýtingu frístundastyrks/tómstundastyrks missa þeir þar með af tækifæri til að nýta styrkinn í það sinn því Nora tómstundakerfið býður ekki upp á leiðréttingu heldur þarf að nýta styrkinn seinna fyrir annað námskeið.

Foreldrum er bent á að ónýttir styrkir fynast um hver áramót.

f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Ragnhildur Jónsdóttir
Fræðslustjóri

Fiskbúð Gunnhildar

opnuð formlega
laugardaginn 30. júní
kl. 16:00 til 18:00

Opið mánudaga til
fimmtudaga frá kl. 14:00
til 18:00

Sjáumst!

S: 865-3302 og 478-1169



AD LAGNIR

Gólfhitabjónusta

Notum 16 mm rör

**Komumst í öll verk, litil sem stór
með litlum fyrirvara**

Hröð vinnubrögð

**Endilega hafið samband
í gegnum síma eða á facebook
og fáið tilboð í verkið á met hraða**

**Hagstæð verð vegna komu
hitaveitu. Betri verð eftir
magni og fjölda.**



www.facebook.com/adlagnir

Alexander Bjarki Rúnarsson
Gsm: 781 5404
Dániel Rögnvaldsson
Gsm: 699 1847

otto

MATUR & DRYKKUR

Kæru Hornfirðingar.

Otto veitingahús hefur nú hafið starfsemi og þakkar Hornfirðingum hjartanlega fyrir blíðar og góðar móttökur.

Þá auglýsum við eftir starfskrafti í eldhús. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Reynsla er kostur en áhugi, eldmóður og vilji til að gera vel er allt sem þarf.

Við þökkum kærlega fyrir samfylgdina fyrsta spölinn og við hlökkum til að eiga samleið með ykkur öllum áfram og sjá Otto vaxa úr grasi.

Auður & Andrés

861-5888 & andres@festivus.is

Viðskiptavinir athugið

Rakarastofan verður lokuð
vegna sumarleyfis frá
19. júlí til 13. ágúst



Kveðja Baldvin

Fiskbúð Gunnhildar opnuð á Höfn



Búðin opnar laugardaginn 30. júní kl. 15:30 og verður opin til 17:30 en mánudagurinn 2. júlí mun vera fyrsti almenni opnunardagurinn.

Fiskbúð Gunnhildar er staðsett að Víkurbraut 4, norðurenda. Til að byrja með mun verslunin vera opin 4 daga í viku, mánudag til fimmtudags, frá kl 14:00 til 18:00. Á boðstólum verða ferskur fiskur, þorskur, ýsa, og aðrar skemmtilegar fisktegundir. Fiskréttir tilbúnir til eldunar, verða til í kæliborði.

Eigendur fiskbúðarinnar eru þau Unnsteinn Þránínsson og Bryndís Hólmarsdóttir. Unnsteinn segir það hafa blundað lengi í þeim að opna fiskbúð og vorum við alltaf með augun opin fyrir húsnæði á stað sem okkur fannst henta. Unnsteinn segir það vera nauðsyn, í hverju sjávarþorpi, að fólk hafi góðan aðgang að ferskum og góðum fiski. Fiskurinn verður keyptur af Fiskmarkaði Hornafjarðar og mun úrvalið takmarkast svölítíð af því hvað verður til á markaði hverju sinni, laxinn kemur frá Djúpavogi og silungur vonandi úr firðinum, (ef tími gefst til þess að veiða), saltfiskur, gellur og fleira kemur frá Skinney-Þinganesi.

Unnsteinn vonar að bæjarbúar og aðrir taki þessu framtaki vel, og láti sjá sig í Fiskbúð Gunnhildar og segist taka vel á móti hugmyndum og tillögum. Að lokum þakka þau öllum þeim sem hafa komið að undirbúningi og aðstoðað við standsetningu búðarinnar.

Láttu sjá þig á pallinum í sumar



Alhliða veitinga- og pizzastaður

Verðum með opið frá kl.16-24 í sumar. Eldhúsið opið til kl.23
Happy hour stemmning með bar-matseðli milli kl.16-18
Pizzapantanir í síma 478-2200. Heimsending frá kl.18-21.

ÓSINN
RESTAURANT-PIZZERIA

Hótel Höfn
Víkurbraut 20
780 Höfn í Hornafirði
S: 478 1240

Framtíðarstörf á Skjólgarði

Viljir þú kynnast skemmtilegu fólki á öllum aldri og vinna gefandi starf, þá er þetta eitthvað fyrir þig:

Skjólgarður, hjúkrunar- og dvalarheimili.

Auglýsum eftir starfsfólki í umönnun og getur viðkomandi hafið störf sem fyrst. Um vaktavinnu er að ræða, starfshlutfall eftir samkomulagi. Upplýsingar gefur Ásgerður Gylfadóttir hjúkrunarstjóri á hjúkrunarsviði í síma 470 8630 eða netfang asgerdur@hornafjordur.is.



Mötuneyti Skjólgarði.

Viljum ráða starfsfólk í mötuneyti Skjólgarðs en þar er matreiðdur matur fyrir íbúa Skjólgarðs, sent í heimahús, í dagdvöl aldraðra, fyrir Grunnskóla Hornafjarðar o.fl. Viðkomandi getur hafið störf sem fyrst, starfshlutfall og vinnutími eftir samkomulagi. Upplýsingar gefur Kristján Guðnason matreiðslumaður í síma 470 8640 eða netfang asgerdur@hornafjordur.is.

Vinsamlegast sendið umsókn á ofangreind netföng. Hvetjum karlmenn jafnt sem konur til að sækja um.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar Sveitarfélaga við Afl starfsgreinafélag og Foss stéttarfélag

Umsóknarfrestur er til og með 29. júní 2018.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Ræsting í Vöruhúsi

Laust 57% framtíðarstarf við ræstingar í Vöruhúsinu í vaktavinnu.

Laun samkvæmt kjarasamningum launanefndar sveitarfélaga, Afls starfsgreinafélags og BSRB.

Upplýsingar um starfið veitir Vilhjálmur Magnússon, forstöðumaður Vöruhúss,

vilhjalmur@hornafjordur.is

Umsóknarfrestur er til og með 25. júlí. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 6. ágúst.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is